



Kennslupakki Explain Everything

Þessir kennslupakkar eru til að gera kennsluráðgjöfina markvissari og til að auka líkurnar á því að kennari og nemendur haldi áfram að auka við hæfni og þekkingu á nýtingu appsins í námi og kennslu eftir kennsluráðgjöfina.

Fyrsti tími með kennara þarf ekki að vera langur og mætti í sumum tilvikum vera samskipti með tölvupósti. Eins má sameina kennslustundir, allt eftir aldri nemenda og verkefnum.

Fyrsti tími þar sem kennari og kennsluráðgjafi hittast

Kanna þarf fyrst þekkingu kennara og nemenda á appinu. Kunna nemendur á appið? Ef já þá hve mikil er sú þekking?

- Kunna að nota teikniverkfæri, skipta um lit og breyta línubreidd
- Kunna að setja inn mismunandi form svo sem kassa, ör og hring og fylla með lit
- Kunna að seja inn gögn, myndir, myndbönd og vafra
- Kunna að setja inn texta og breyta stærð, lit og staðsetningu á skjá
- Kunna að eyða efni á skjá með X-hnappnum
- Kunna að búa til skýringarmyndbönd með upptökubúnaði appsins
 - Taka upp af skjánum
 - Læra að eyða upptöku
 - Klippa upptökuna
 - Sameina upptökur
- Kunna að flytja út myndbönd og vista sem sjálfstæð skjöl
- Kunna að setja inn kóða til að taka þátt í sameiginlegri kennslustund (join).

Fyrsta kennslustund með kennara og nemendum

Kennsluráðgjafi byrjar á að ræða við nemendur og ef þeir kunna á appið þá þarf hann að staðsetja kennsluna miðað við þá þekkingu. Hafi nemendur ekki kynnt sér appið þarf að segja nemendum stuttlega frá hvað hægt er að gera í appinu og hvernig það getur nýst þeim í náminu svo sem við kynningar. Hann kennir nemendum á þau verkfæri sem talin eru upp hér að ofan. Tími u.þ.b. 40 mínútur.





Önnur kennslustund með kennara og nemendum

Kennari leggur inn verkefni og kennsluráðgjafi er til aðstoðar.

Verkefni gæti til dæmis verið að búa til útskýringu á einföldu fyrirbæri með verkfærum appsins sem er tekið upp. Frjálst val eða verkefnum útdeilt. Dæmi um verkefni gæti verið reikningsaðferð eða teikning með útskýringum.

Tími sveigjanlegur.

Priðja kennslustund með kennara og nemendum

Nemendur skila verkefnum inn í Google Drive eða Google Classroom og kennsluráðgjafi er til aðstoðar.

Tími sveigjanlegur.

Síðasti tími þar sem kennari og kennsluráðgjafi hittast

Kennari og kennsluráðgjafi skoða verk nemenda og meta afrakstur.

- Var hann í samræmi við markmið?
- Hvað var gott?
- Hvað mætti betur fara?
- Hver eru næstu skref kennarans?